


AÐSKOTAHLUTIR í nýju hlutverki, Himneskur hringur 1996.

LEIKFÖNG AF LOFTINU

Á Kjarvalsstöðum stendur yfir í sumar sýning á verkum hins kunna hollenska listamanns Karels Appels. Hann var yngsti meðlimur Cobra-hópsins og hefur í seinni tíð, ásamt Asger Jorn, verið talinn til mikilvægustu fulltrúa hópsins. ANNA SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR fræddist um listamanninn og verk hans hjá Eiríki Þorlákssyni, forstöðumanni Kjarvalsstaða.



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

DRAUMKENND veröld sem keppir við hlutveruleikann, Bálköstur dýranna 1994.

ÞEGAR blaðamaður mætti á Kjarvalsstaði var vinna við sýninguna í fullum gangi, en hún verður opnuð í dag. Stórir viðarkassar tóku yfir umtalsverðan hluta sýningarrýmsins og að sögn Ólafar K. Sigurðardóttur, deildarstjóra fræðsludeildar safnsins, er sýningin með fyrirferðarmeiri sýningum sem safnið hefur hýst. „Verkin koma í þremur stórum gámum, þau er ekki mjög þung en fyrirferðarmikil," segir Ólöf. Hvert verk er skrúfað saman úr mörgum ólíkum einingum og kom aðstoðarmaður Appels til landsins sérstaklega í því skyni að hafa yfirumsjón með uppsetningu verkanna.

Samvinnuverkefni norrænna listasafna

Sýningin ber heitið Leikföng af loftinu eftir einu verka Appels og er samvinnuverkefni Listasafns Bergen, Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Þórshafnar í Færeyjum. Listamaðurinn kemur til Íslands, að sögn Eiríks Þorlákssonar, til að vera viðstaddur opnun sýningarinnar og er hann þá að sjá hana í fyrsta skipti. En hann gat, segir Eiríkur, ekki verið við opnunina í Bergen. Sýningunni lýkur á Íslandi 29. ágúst og verður þá flutt til Færeyja.

Leikföng af loftinu er yfirlitssýning á verkum Appels á þessum áratug og sýnir hann bæði olíuverk og skúlptúra. Olíuverkin eru sum hver blönduð öðrum hlutum og ýja stöku sinnum að afríska list, en skúlptúrarnir eru samansettir aðskotahlutir sem hafa fengið nýtt hlutverk.

Karel Appel var yngsti meðlimur Cobra-hópsins, en hópurinn hóf starf sitt upp úr lokum seinni heimsstyrjaldar. Cobra-hópurinn var eins konar samvinnuverkefni danskra, belgískra og hollenskra málara sem voru sammála um það eitt að ekki væri nauðsynlegt að vera sammála um nokkurn hlut. Hópurinn átti það þó sameiginlegt að leita fanga í óhefðbundinni list, þ.e. list sem ekki hafði verið innlimuð í menningar- og fagurfræðiumræðu þess tíma, s.s. í dægurlist, frumstæðri list og listsköpun barna og sálsjúkra. En með þessu sjónarmiði leitaðist Cobra-hópurinn við að móta nýja listastefnu sem byggðist á óheftum samruna þess ómeðvitaða og sjálfsprottna.



FÍGÚRUR Appels vaxa út úr striganum og verða að hlutum, Fígúrur í regnskóginum 1993.

Annars konar menning

Appel hefur unnið að list sinni í meira en 50 ár og hefur þar af skipt tíma sínum milli New York, Evrópu og ferðalaga til fjarlægra landa Asíu og Afríku síðastliðin 45 ár. Hann telst til upphafsmanna einnar mestu umbreytingar listasögunnar. Umbrota sem höfðu í för með sér að hefð og sögu var hafnað í fyrsta skipti og þess í stað leitast við að skapa eða uppgötva frummikilvægi listarinnar með tilstyrk undirmeðvitundarinnar og að kanna með því „annars konar menningu".

„Appel", segir Eiríkur, „hefur haft gífurleg áhrif á það sem kallað hefur verið nýja málverkið eða ný-expressionismi. En stíleinkenni hans koma fram að ýmsu leyti í verkum margra þýskra listamanna eins og t.d. Kiefers. Það má segja að hann hafi haft áhrif á sambærilega þróun hér, þó að það sé erfitt að rekja bein tengsl," bætir hann við. Að sögn Eiríks átti Appel mikilvægan þátt í því að víkka hlutverk lista, sem hann útskýrir sem þá þróun að myndlistarmenn færi verk sín úr gyllta rammanum og af hvíta stöplinum og taki þess í stað aðskotahluti upp á arma sína líkt og Appel gerir.

Eiríkur bendir í því sambandi á að enginn af skúlptúrum sýningarinnar sé sérsmíðaður, heldur leiti listamaðurinn fanga á skransölum og setji verk sín saman úr brotnum handriðum, gömlum rugguhestum og öðrum aðskotahlutum.

Appel velur hluti og efni sem áður hafa þjónað öðrum tilgangi, en með því að taka þá úr sínu upprunalega samhengi gefur hann þeim nýtt líf í nýju samhengi. Hann breytir líka oft táknmynd hlutanna með litum og áferð og hefur þannig skapað sér sitt eigið myndmál. „Appel leitar eftir að koma á óvart til að fá áhorfendur til að sjá á hlutina í nýju ljósi. Listaverkið er þannig meira heldur en það sem fyrir augu ber," segir Eiríkur og bætir svo við „segja má að það sé í raun aðal allra góðra listamanna".

Tjáning án meðvitaðrar hugsunar

„Það er erfitt að benda á eitthvað og segja að það sé dæmigerður Appel," segir Eiríkur, „en engu að síður eru samhangandi stíleinkenni í verkum hans". Hann hafði þegar tileinkað sér stílbrigði barna og naívista og unnið að því að ná tökum á „tjáningu án meðvitaðrar hugsunar" þegar hann hóf að vinna með Cobra-hópnum. Appel hefur nú í meira en hálfa öld skapað og þróað mismunandi myndgerðir sem eru ýmist sjálfsprottnar eða bundnar, fígúratífar eða abstrakt, efnismiklar og hlaðnar eða gegnsæjar og stefnufastar, hvort sem er í málverki eða höggmynd. Engu að síður má greina samfelld stíleinkenni í verkum hans allan hans listferil, sem er, að því er segir í sýningarskrá, einna helst stöðug löngun til að brjóta niður stofnanalist og opna með því möguleika fyrir óheftri og stöðugri myndbreytingu lífsins sjálfs.

Þegar olíuverk Appels eru skoðuð má sjá hvernig óendanlegar fígúrur verða til úr efni og litum. Hvernig fígúrurnar vaxa út úr striganum og verða að hlutum sem blanda saman tvísýni fígúra og mynda. Á líkan máta vekja höggmyndir hans með áhorfandanum tilfinningu um að einingar verksins séu valdar af handahófi og raðað saman á tilviljanakenndan hátt, sem skapi draumkennda veröld sem keppi við hlutveruleikann.

Í dag má finna verk Karels Appels á nær öllum stóru nútímalistasöfnunum, en að sögn Eiríks er ólíklegt að Listasafni Reykjavíkur reynist fjárhagslega mögulegt að eignast verk listamannsins. Áhrif Appels á breytt viðhorf til menningar virðist hins vegar vera ótvíræð. „Það var nýlega haldin lágmenningarhátíð í Reykjavík," segir Eiríkur. „Hugtökin hámenning og lágmenning eru að vísu umdeild, en það eitt að þau teljist hluti menningarheimsins er afleiðing þess að menn eins og Appel fóru að benda á að til væri „annars konar list"."